

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Höndlun ehf. Brautarholt, Kjalarnes



<b>Dags eftirlits</b>	21.12.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Einar Halldórsson
<b>Fyrirtæki</b>	Höndlun ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Frigg Thorlacius
<b>Heimili</b>	Logafold 49	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	681174-0289	<b>Flokkur</b>	Pauleldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ólafur Ragnar Jakobsson	<b>ÍSAT nr.</b>	01.46.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins með svínabúi Höndlunar í Brautarholti. Fram kom eitt frávik frá starfsleyfi.

### UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var eftirlitið á fundi þar sem farið var yfir ákvæði í starfsleyfi. Um 3000 dýr eru á svínabúinu núna en hámarksfjöldi skv. starfsleyfi miðast við 4000 dýr.

Rætt var um þrif á húsum og útloftunartúðum. Samkvæmt grein 2.2 í starfsleyfi skal þrifa útloftunartúður reglulega en öll hólf ásamt útloftunartúðum eru þvegin í hvert skipti sem hóp af svínum er skipt út.

Rætt var um lykt og ábendingar sem stofnuninni hafa borist í haust. Skv. rekstraraðila var vífta í biofilter hreinsivirkisins biluð ca. fyrstu tvær vikurnar í desember og hafi þá verið meiri lykt frá búinu. Viðgerð á víftunni er nú lokið.

Farið var yfir frárennismál á svæðinu. Eftirlitsaðili óskaði eftir teikningum af rotþróum á svæðinu. Nýbúið var að tæma rotþrær en skv. rekstraraðila var lítið í þeim. Niðurföll fylltust í svínabúinu í haust en skv. rekstraraðila er um að ræða sameiginlegt heitavatnskerfi fyrir hænsnabúið að ofan og fyrir svínabúið og hafi niðurföllin fyllst vegna starfsemi hænsnabússins. Umhverfisstofnun hefur haft samband við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vegna málsins og er það í skoðun.

Farið var í skoðunarferð umhverfis búið. Nokkuð sterk lykt var við hreinsivirki en minnkaði við hinn hluta bússins. Rotþrær og ástand við útrás í skurð var skoðað en ekki var tilefni til athugasemda. Rekstraraðili var minntur á að skila þarf grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí ár hvert en stofnuninni hafa ekki borist þau gögn.

#### Frávik frá

#### Lýsing á frávik

grein 9.5

Fyrirtækið skal skila grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí ár hvert en hvorugt hefur borist stofnuninni.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.01.2019

  
Einar Halldórsson







